



Kynjakettir, Kattaræktarfélag Íslands

Almennur stjórnarfundur

FUNDARGERÐ

<b>Dags.</b>	7. apríl 2016
<b>Fundartími:</b>	kl. 20:00
<b>Fundarstaður:</b>	Austurhóp 4, Grindavík
<b>Fundarstjóri:</b>	Kristín Holm
<b>Fundarritari:</b>	Kristín Holm
<b>Fjöldi mættra:</b>	Kristín Holm, Guðbjörg Hermannsdóttir, Íris Ebba Ajay, Guðný Ólafsdóttir, Hörn Ragnarsdóttir og sýningarritarar Vigdís Andersen og Sigríður Rósa Snorradóttir

### 1. Yfirferð vorsýningar

Sýningin sjálf gekk vel fyrir sig en var félaginu kostnaðarsöm:

- Húsnæði í Askalind reyndist of dýrt en það var tekið á leigu á seinustu stundu vegna breyttra aðstæðna hjá leigusala Smáratorgs.
- Vegna breytinga hjá VÍS hættu þeir samstarfi í febrúar og missti því félagið auglýsingar í prentvakamiðlum í kjölfarið fyrir sýningu.
- Einnig var mjög dræm mæting gesta miðað við seinustu sýningar.

### 2. Styrktaraðilar

Royal Canin er nýr styrktaraðili Kynjakatta. Rætt var um að sækjast einnig eftir öðrum styrktaraðila.

### 3. Húsnæðismál fyrir næstu sýningar

Húsnæði vorsýningar reyndist of dýrt en fékkst með litlum fyrirvara. Félagið verður að fá ódýrara húsnæði fyrir næstu sýningar. Skoða þarf alla staði, einnig utan höfuðborgarsvæðisins. Rætt var um Reiðhöllina í Grindavík sem hefur boðist félaginu án gjalds.

### 4. Aðalfundur í maí

Boðaða verður til aðalfundar laugardaginn 21. maí á Café Meskí í Fákafeni 11, 108 Reykjavík, kl. 16:00. Lausar stöður innan stjórn Kynjakatta verða auglýstar: staða



**Kynjakettir, Kattaræktarfélag Íslands**

**Almennur stjórnarfundur**

**FUNDARGERÐ**

varaformanns, staða sýningarstjóra, staða gjaldkera og staða ritara. Tilaga er um lagabreytingu: Öll ræktunardýr sem hægt er að prófa fyrir HCM skulu prófuð og niðurstöður skulu liggja fyrir við umsókn ættbóka.

## **5. Önnur mál**

Fræðsla fyrir félagsmenn: stefnt er á að hafa eina kynningu í ágúst um tennur katta og leiðbeiningar um skráningu í félagið. Og aðra í september um hársnyrtingu og feld umhriðu katta.

Fundi slitið kl. 21.30